



Síldarvinnslan hf.

Fjárfestakynning
Maí 2021

Fyrirvari (1/2)

UM FJÁRFESTAKYNNINGUNA

Fjárfestakynning þessi (hér eftir „**fjárfestakynningin**“) er útbúin af Síldarvinnslunni hf. (hér eftir „**Síldarvinnslan**“ eða „**félagið**“ og „**samstæðan**“ þar sem vísað er til félagsins og dótturfélaga) hefur þann eina tilgang að veita upplýsingar um hlutafárútboð félagsins (hér eftir „**útboðið**“).

Fjárfestakynning þessi hefur eingöngu upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu verðbréfa félagsins í neinni lögsögu. Fjárfestar sem vilja taka þátt í útboðinu skuldbinda sig til að lesa samantektina, útgefandalýsinguna og verðbréfalýsinguna, sem er samin af félaginu og staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanki Íslands (hér eftir sameiginlega nefnd „**lýsingin**“) og önnur gögn sem gefin eru út í tengslum við lýsinguna og sem innihalda upplýsingar um skilmála útboðsins. Hvers konar ákvörðun um að skrá sig fyrir eða kaupa hlutabréf í hvaða útboði sem er skal eingöngu byggja á upplýsingum í lýsingunni eða öðrum lykilupplýsingum sem gefnar eru út af félaginu. Samkvæmt bestu vitund félagsins eru upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við þær staðreyndir sem kunnar eru á útgáfudegi og, ef fjárfestakynningin er lesið samhliða öðrum gögnum sem félagið hefur gefið út, hefur engu verið sleppt sem er líklegt til að hafa áhrif á mikilvægi þess. Félagið og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík (hér eftir „**ráðgjafinn**“) skulu einir hafa heimild til að veita frekari upplýsingar um fjárfestakynningu þessa. Hvorki félagið né ráðgjafinn bera neina ábyrgð á upplýsingum sem þriðji aðili kann að veita.

Með því að lesa fjárfestakynninguna, samþykkir þú að hlíta eftirfarandi skilmálum og takmörkunum.

EKKI VOTTAÐ AF ÞRIÐJA AÐILA

Af hálfu félagsins og/eða ráðgjafans er engin trygging eða ábyrgð veitt fyrir því að þær spár eða fyrirætlanir sem lýst er í fjárfestakynningunni gangi eftir. Fjárfestakynningin hefur ekki verið sannreynð sérstaklega af félaginu eða ráðgjafanum.

ENGIN TRYGGING EÐA ÁBYRGÐ / FYRIRVARI UM ÁBYRGÐ

Sérstaklega er tekið fram að engin trygging eða ábyrgð, bein eða óbein, á því að upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari eða önnur gögn (hvort sem er skrifleg eða munnleg) um félagið, samstæðuna eða útboðið séu réttar eða tæmandi. Félagið og ráðgjafinn eru því með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, sem tengist fjárfestakynningunni, innihaldi hennar, eða tengist útboðinu, þar með talið en ekki takmarkað við villur, ónákvæmni, yfirsjónir eða misvísandi upplýsingar í fjárfestakynningunni. Þá er félagið og ráðgjafinn, dótturfélög félagsins, stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn félagsins, ráðgjafar eða fulltrúar eða nokkur annar ekki á neinn hátt skaðabótaskyldir vegna tjóns sem hlýst af beinni eða óbeinni notkun á fjárfestakynningunni eða vegna útboðsins.

HAGSMUNAÁREKSTRAR

Hvað þetta útboð varðar gætir ráðgjafinn eingöngu hagsmuna félagsins og er ekki ábyrgur gagnvart öðrum en félaginu sem skjólstæðings, né veitir ráðgjafinn öðrum ráðgjöf í tengslum við útboðið.

ENGAR UPPFÆRSLUR

Upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari kunna að breytast, vera endurskoðaðar, uppfærðar eða endurútgefnar og kunna því að breytast töluvert. Félagið, samstæðan, ráðgjafinn eða aðrir aðilar veita ekki tryggingu eða ábyrgð, beint eða óbeint, á því að upplýsingarnar eða skoðanir í fjárfestakynningu þessari séu nákvæmar, áreiðanlegar, sannar, réttar eða tæmandi. Félagið og ráðgjafinn eru ekki á neinn hátt skuldbundin til að uppfæra eða viðhalda upplýsingunum í fjárfestakynningu þessari. Hvorki félagið, samstæðan, ráðgjafinn eða aðrir aðilar eru því með neinum hætti ábyrg fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem viðtakandi eða tengdur aðili kann að verða fyrir með því að nýta sér fjárfestakynninguna eða efni hennar.

Fyrirvari (2/2)

ENGIN RÁÐGJÖF

Ekki skal túlka efni fjárfestakynningunnar sem nokkurs konar viðskipta- eða fjármálaráðgjöf, né lagalega, skattalega eða tæknilega ráðgjöf, eða aðra faglega ráðgjöf. Mælt er með því að viðtakandi ráðfæri sig við eigin ráðgjafa um ofangreind efni. Lesir þú fjárfestakynningu þessa samþykkir þú að þú berð ein/n ábyrgð á eigin mati á markaðnum og markaðsstöðu félagsins og samstæðunnar og að þú munir framkvæma eigin rannsókn og greiningu og berir ein/n ábyrgð á að mynda þér skoðun á framtíðar afkomu félagsins, sem og núverandi og framtíðar fjárhagsstöðu félagsins. Hvers konar ákvörðun um áskrift eða kaup á hlutabréfum í félaginu skal byggja á eigin athugun á félaginu, þar með talið staðreyndum og áhættu.

ÁHÆTTUÞÆTTIR OG REIKNINGSSKIL

Athygli er sérstaklega vakin á þeim áhættuþáttum sem tengjast félaginu og útboðinu sem fjallað er um í lýsingunni. Athugið að raungerist einn eða fleiri áhættuþáttur, eða ef forsendur bregðast, getur raunverulegur árangur og framtíðarþróun félagsins verið mjög ólík því sem lýst er í fjárfestakynningu þessari í veigamiklum atriðum. Athygli er sérstaklega vakin á því að uppgjör Síldarvinnslunnar fyrir árið 2020 er samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS og er það fyrsta árið sem félagið gerir upp samkvæmt IFRS. Í fjárfestakynningunni er að finna samanburðartölur fyrir 2019 sem eru settar fram samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastöðlum IFRS en eru óendurskoðaðar. Fjárhagsupplýsingar fyrir árin 2015 - 2018 í fjárfestakynningunni eru samkvæmt íslenskum ársreikningalögum.

FRAMTÍÐARHORFUR

Fjárfestakynning þessi inniheldur talsvert af staðhæfingum um framtíðarhorfur félagsins, atvinnugreinarinnar og hagkerfi heimsins (slíkar framtíðarhorfur má greina á því að hugtökin og orðræðan um félagið vísa þá til framtíðar, svo sem „búist er við“, „áætlanir“, „mat“, „spá“ og annað í þeim dúr). Ekki er hægt að ábyrgjast á nokkurn hátt að fyrirætlanir eða spár í fjárfestakynningunni gangi eftir. Mælt er með því að viðtakandi framkvæmi eigin athugun og greiningu á gögnunum sem fjárfestakynning þessi fjallar um og ráðfæri sig við eigin ráðgjafa um ofangreind efni. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðra eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma getur verið mjög ólík þeirri þróun sem búist var við í veigamiklum atriðum. Því er varað við því að reiða sig um of á framtíðarhorfur og áætlanir og þær ætti á engan hátt að skoða sem loforð um árangur. Félagið eða ráðgjafinn eru ekki á neinn hátt skuldbundin til að uppfæra fjárfestakynninguna, þar með talið framtíðarhorfur, eða til að uppfæra framtíðarhorfur í samræmi við raunverulegan árangur.

DREIFING

Fjárfestakynning þessi hefur ekki verið yfirfarin eða birt á vegum stjórnvalda eða kauphallar og hefur ekki ígildi lýsingar. Útboðið verður opið hlutafjárútboð og lýsingin verður einungis gefin út á Íslandi og í samræmi við íslensk lög. Dreifing á fjárfestakynningu þessari og útboð félagsins, þar með talið áskrift eða kaup á hlutum í félaginu er takmörkuð í ákveðnum lögsögum. Fjárfestakynning þessi er ekki tilboð um eða hvatning til áskriftar eða kaupa á hlutum í félaginu í neinni lögsögu þar sem slíkt tilboð eða sala væri ólögleg. Af því leiðir að ekki má dreifa fjárfestakynningu þessari né hvers konar auglýsingum eða útboðsgögnum í neinni lögsögu, nema þegar kringumstæður eru í samræmi við öll viðeigandi lög og reglur.

GILDANDI LÖG OG LÖGSAGA

Um fjárfestakynningu þessa gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur vegna fjárfestakynningarinnar skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



Samantekt



Síldarvinnslan áhugaverður fjárfestingakostur



Eitt af stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins

- Er leiðandi í tækniþróun og hefur þegar fjárfest í fullkomnum fiskiðjuverum, fiskimjölsverksmiðjum, frystigeymslum og öflugum skipum.
- Mikil þekking og reynsla til staðar meðal starfsmanna



Komandi loðnuvertíðir

- Mælingar á unglöðnu gefa vísbendingu um betri horfur fyrir loðnustofninn



Markvissar fjárfestingar hafa aukið áhættudreifingu í aflaheimildum og rekstri

- Fjárfest í auknum bolfiskheimildum með það að markmiði að auka áhættudreifingu í aflaheimildum



Sterk og stöðug framlegð af starfseminni

- Frjálst sjóðstreymi¹⁾ 54% af EBITDA að meðaltali 2015-2020, þrátt fyrir miklar fjárfestingar
- Arðgreiðslustefna að greiða að lágmarki 30% af hagnaði til hluthafa



Góðar langtímahorfur á mörkuðum

- Sjávarafurðir (fiskiprótein) standa sterkt í samkeppni við aðrar afurðir á markaði



Vaxtartækifæri til staðar

- Innri vöxtur: auka verðmæti núverandi afla og framleiðslu með frekara þróunar- og markaðsstarfi
- Ytri vöxtur: svigrúm til frekari kaupa á aflaheimildum og fyrirtækjum

Sterk framlegð af starfseminni og tækifæri til frekari vaxtar

Almennt hlutafjárútboð áformað 10.-12. maí 2021

Skráning á Aðalmarkað
Nasdaq Iceland er
fyrirhuguð í kjölfarið

Tímamót í starfsemi
félagsins - eflir félagið
og opnar það fyrir
fjárfestum



7,7% hlutdeild í
aflaheimildum¹⁾



USD 85 m.
Aflaverðmæti
2020



USD 156 m.
Framleiðsluverðmæti
2020



USD 41 m.
Verðmæti
nýafstaðinnar
loðnuvertíðar 2021



USD 184 m.
Rekstrartekjur
samstæðu 2020



USD 59 m.
EBITDA 2020
32% af tekjum



NIBD/EBITDA 0,4x
í lok 2020



Eiginfjárhluftfall 68%
í lok 2020

Starfsemi Síldarvinnslunnar



Virðiskeðja Síldarvinnslunnar

- Öflugur skipafloti
- Hátækni fiskiðjuver
- Fullkomnar fiskimjölsverksmiðjur
- Stærstu frystigeymslur landsins
- Neskaupstaður er vel staðsettur gagnvart fiskimiðum uppsjávartegunda



Starfsmenn, stjórnendur, dóttur- og hlutdeildarfélag

**Hjá samstæðu Síldarvinnslunnar
starfa 338 manns til sjós og lands**

**Mikil þekking og reynsla er til
staðar meðal starfsmanna og er
starfsmannavelta lítil**

Stjórn Síldarvinnslunnar

Þorsteinn Már Baldvinsson, formaður
Guðmundur R. Gíslason, varaformaður
Anna Guðmundsdóttir, aðalmaður
Björk Þórarinsdóttir, aðalmaður
Ingi Jóhann Guðmundsson, aðalmaður
Halldór Jónasson, varamaður
Arna Bryndís Baldvins McClure, varamaður

Framkvæmdastjórn Síldarvinnslunnar

Gunnþór Ingvason, forstjóri
Axel Ísaksson, fjármálastjóri
Jón Már Jónsson, yfirmaður landvinnslu

Dótturfélög Síldarvinnslunnar¹⁾

Bergur-Huginn ehf. (100%)
Bergur ehf. (100%) kemur inn í samstæðuna 2021
Runólfur Hallfreðsson ehf. (100%, eftir kaup á 12,4% hlut 2021)
Seley ehf. (70%)
Fóðurverksmiðjan Laxá hf. (66,67%)
Fjárfestingarfélagið Vör hf. (60%)

Hlutdeildarfélag samstæðunnar²⁾

Atlantic Coast Fisheries Corp. (100%)
(á 25% hlut í F/V Holdings LLC)
SR-Vélaverkstæði hf. (37,3%)
Polar Pelagic A.S. (33%)
Hafnarbraut 2 ehf. (50%)
G. Skúlason vélaverkstæði hf. (24,95%)
Fasteignafélagið Miðhús ehf.
(Fjárfestingarfélagið Vör hf. á 46,7%)

¹⁾ SVN eignafélag ehf. (og þar með eignarhlutur í Sjóva-Almennum tryggingum hf.) er ekki lengur hluti af samstæðu, eftir arðgreiðslu 2021

²⁾ Nánari kynning á dóttur- og hlutdeildarfélagum má sjá í viðauka

Tæknilega fullkomnar verksmiðjur eru forsenda aukinnar verðmætasköpunar



Neskaupstaður – Hátækni fiskiðjuver

- Sildarvinnslan er leiðandi í tækniþróun
- Fiskiðjuverið í Neskaupstað er eitt af fullkomnastu uppsjávarfiskiðjuverum landsins, búið öllum nýjustu tækjum og búnaði
- Mikil fjárfesting hefur átt sér stað með áherslu á að auka afkastagetu og auka gæði afurða

Afkastageta: Frystir 720 tonn af afurðum á sólarhring

Hluti af bolfiskafla samstæðunnar er unninn í frystihúsinu á Seyðisfirði og um borð í frystitogaranum Blæng NK



Neskaupstaður – Stærstu frystigeymslur landsins

- Góð aðstaða til geymslu á frosnum afurðum er ein af forsendum fyrir hærra söluvirði uppsjávarafurða, þar sem framleitt er mikið magn á stuttum tíma

Geymsla: 20 þús. tonn af frosnum afurðum



Neskaupstaður/Seyðisfjörður – Fullkomnar fiskimjölsverksmiðjur

- Neskaupstaður: Verksmiðjan tekur við hráefni beint til vinnslu ásamt því að taka á móti afskurði frá fiskiðjuverinu og frystiskipum
 - Vinna er hafin við stækkun verksmiðjunnar

Neskaupstaður: Afkastageta: 1.400 tonn á sólarhring
(Eftir stækkun: 2.400 tonn á sólarhring)



Seyðisfjörður: Afkastageta: 1.200 tonn á sólarhring

Unnið er að þróunarverkefnum sem miða að því að auka verðmæti framleiðslunnar

Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað

Aukin áhersla á framleiðslu verðmætra próteinríkra afurða

- Stækkun úr 1.400 tonnum í 2.380 tonn
- Liður í hagræðingaraðgerðum
- Verksmiðjur þurfa að geta unnið mikinn afla á skömmum tíma og því nauðsynlegt að þær séu afkastamiklar
- Eftir stækkunina verður í verksmiðjunni eining eða lítil verksmiðja sem hentar sérstaklega til að vinna afskurð frá fiskiðjuveri fyrirtækisins
 - Unnt verður að vinna allt hráefni sem ferskast
- Með tilkomu litlu verksmiðjunnar verður lögð áhersla á að auka gæði framleiðslunnar og þróa áfram aðferðir til að framleiða verðmætar próteinríkar afurðir
- Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar í Neskaupstað er um USD 40 m sem dreifist yfir framkvæmdatímann sem er áætlaður 3 ár, þar af eru um 18.000 þús. USD inni í áætlun 2021



Nýr Börkur NK 122 er væntanlegur í lok maí

Nýsmíði hjá skipasmíðastöðinni
Karstensens Skibsværft í Danmörku

**Tæknilega fullkominn og hagkvæmari í rekstri
en eldri Börkur**

Eiginleikar skipsins:

- 89 metrar á lengd
- 16,6 metrar á breidd
- 4.100 brúttótonn
- Ber 3.400 tonn að landi
- Tvær vélar, 3.600 KW hvor
- Fyrirmyndar aðstaða um borð
- Áætlað er að rekstrarkostnaður sé um 5% lægri en á eldra skip



Framlag



~ 3.400 tonn

Burðarmeira en eldra skip

Hagkvæmni



Rekstrarkostnaður

Sparneytnara en eldri skip

Aflaverðmæti uppsjávarskipa félagsins um USD 39 m. 2020

Samanlagður afli árið 2020 var um 124 þús. tonn

- Helstu fiskitegundir: Loðna, Síld, Kolmunni, Ní-síld og Makrill
- Áformað er að selja eldri Börk, sem hefur verið í rekstri frá 2014, þegar nýj Börkur kemur til landsins
- Einnig á Síldarvinnslan 33% hlutdeild í Polar Pelagic AS á Grænlandi sem gerir út uppsjávarveiðiskipið Polar Amoroq



Beitir NK 123 (2014)
Nóta- og togveiðiskip



Börkur NK 122 (2012)
Nóta- og togveiðiskip



Bjarni Ólafsson AK 70 (1999)
Nóta- og togveiðiskip

Aflaverðmæti bolfiskveiðiskipa félagsins um USD 46 m. 2020

Samanlagður afli árið 2020 var tæplega 21 þús. tonn

- Helstu fiskitegundir: Þorskur, Ýsa, Ufsi, Gullkarfi og Djúpkarfi
- Dótturfélagið Bergur-Huginn ehf. keypti nýverið útgerðarfélagið Berg ehf. í Vestmannaeyjum sem gerir út togarann Berg VE 44 og fylgja um 1.500 þorskígildistonn í bolfiski



Bergur VE 44 (1998)
Ísfisktogari



Blængur NK 125 (1973)
Frystitogari



Gullver NS 12 (1983)
Ísfisktogari



Bergey VE 144 (2019)
Ísfisktogari



Vestmannaey VE 54 (2018)
Ísfisktogari

Áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda og draga úr losun CO₂



Árangur í minnkun CO₂ losunar

Fiskvinnsla	- Rafvæðing fiskimjölsverksmiðja. Hlutfall endurnýjanlegrar orku við framleiðslu var 93% árið 2020 - Fiskvinnslur og frystigeymsla keyrðar á raforku
Útgerð	- Fjárfest hefur verið í stærri og hagkvæmari skipum á síðustu árum - Svartolíu skipt út fyrir gasolíu - Skipt um kælimiðla í skipum og vinnslu - Sparneytnari skip sem dregur úr kolefnislosun við veiðar - Landtenging skipa að koma í notkun í Neskaupstað
Endurvinnsla	- Flokkun á sorpi er komin vel af stað og var 60% flokkun á árinu 2020 - Ónýt veiðarfæri eru send í endurvinnslu - Allur úrgangur af fiskiskipum meðhöndlaður skv. Marpol reglugerð - Stefnt að frekari flokkun úrgangs í landi



Samfélagið

Auðlindin	- Ísland státar af einu besta fiskveiðistjórnunarkerfi heims - Síldarvinnslan stundar veiðar sínar af ábyrgð - Náið samstarf við opinbera eftirlitsaðila og ráðgjafa - Flestar afurðir MSC¹⁾ vottaðar - Mjöl er TÚN²⁾ vottað
Meðferð afla	- Fjárfestingar félagsins miða að því að bæta nýtingu og auka gæði afurða félagsins - Verðmætasköpun meiri um leið og dregið er úr sóun
Samfélagsleg ábyrgð	- Áhersla lögð á að kaupa vörur og þjónustu af birgjum í nærsamfélaginu - Hlutfallið um 44% af heildarinnkaupum

¹⁾ MSC: Marine Stewardship Council

²⁾ TÚN, vottun um lífræna framleiðslu

Víðtæk jákvæð áhrif á íslenskt samfélag


25 milljarða króna verðmætasköpun árið 2020

- Rekstur Síldarvinnslunnar gekk vel þrátt fyrir loðnubrest
- Sameiginlegur ávinningur fyrir samfélagið, starfsmenn, eigendur og birgja

Samfélagsspor starfseminnar 4,8 milljarðar króna

- Samfélagssporið gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins

Skipting verðmætasköpunar árið 2020



Ákvörðun stjórnvalda um upphæð veiðigjalds hvers árs ræðst af afkomu í útgerð og sveiflast því frá ári til árs

Vaxtartækifæri til staðar í bolfiskheimildum


Síldarvinnslan er stærst í uppsjávartegundum

- Síldarvinnslan er þriðja stærsta útgerðarfyrirtæki landsins eftir aflaheimildum með um 7,7% hlutdeild eða um 32.800 þorskígildistonn innan lögsögu Íslands en um 33.100¹⁾ samtals með heimildum utan lögsögu landsins


Vaxtartækifæri til staðar

- Vaxtartækifæri eru til staðar fyrir Síldarvinnsluna þar sem svigrúm er upp í 12% hámarks hlutdeild af heildar aflaheimildum
- Vaxtartækifærin liggja helst í bolfiskheimildum þar sem félagið hefur svigrúm til að auka við sig í heimildum

Stærstu útgerðarfyrirtækin eftir aflaheimildum 2020/21²⁾



Aflaheimildir Síldarvinnslunnar eftir helstu tegundum 2020/21



¹⁾ Síldarvinnslan er með um 13.300 þorskígildistonn í uppsjávartegundum og um 19.800 þorskígildistonn í bolfiski

²⁾ <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/frettir/hlutdeildir-staerstu-utgerdanna>

Jafnari hlutföll í aflaheimildum eykur stöðugleika


Síldarvinnslan hefur markvisst jafnað hlutföll í aflaheimildum

- Til að minnka sveiflur í starfseminni hefur markvisst verið unnið að því að breikka aflaheimildir samstæðunnar með fjárfestingu í sjávarútvegsfyrirtækjum og aflaheimildum
- Fjárfestingar síðustu ára hafa miðað að því að styrkja félagið í bolfiskheimildum og auka áhættudreifingu í aflaheimildum
- Kaupin á Bergi-Hugin, Gullbergi og hluta af aflaheimildum Stálskips hafa vegið þyngst við að auka vægi botnfisktegunda
- Með þessum kaupum hafa sveiflur í starfseminni minnkað og félagið er ekki eins háð uppsjávarfisktegundum þar sem lífmassi fiskitegunda getur sveiflast mikið á milli ára

Aflaheimildir:

Jafnara hlutfall uppsjávar- og bolfisktegunda

Í dag eru uppsjávartegundir um 40% af þorskígildum samstæðunnar samanborið við um 80% af þorskígildum samstæðunnar fyrir fjárfestingar undanfarinna ára



Aukinn stöðugleiki og minni árstíðarsveiflur

Sveiflur og árstíðarskipting í uppsjávartegundum

- Í uppsjávarveiðum geta verið miklar sveiflur í stærðum nytjastofna á milli ára og þar með í veiðum og vinnslu þeirra
- Þá skiptast veiðar uppsjávartegunda niður á árstíðir

Stöðugleiki og jafnari árstíðardreifing í bolfisktegundum

- Veiðar á botnfisktegundum eru jafnari á milli ára og yfir árið en þó mismunandi eftir tegundum
- Sögulega er mikil þorskveiði á vetrarvertíð á 1. ársfjórðungi hvers árs
- Veðurfar og ástand sjávar hefur mikil áhrif á einstaka tegundir

Ársfjórðungur	Uppsjávarveiði	Bolfiskveiði
1F	Loðnuvertíð	Bolfiskveiðar
2F	Kolmunnaveiðar	Bolfiskveiðar
3F	Makríll og Ní-síld	Bolfiskveiðar
4F	Íslensk síld og Kolmunni	Bolfiskveiðar

Sterk eftirspurn er eftir gæða framleiðslu Síldarvinnslunnar

Áherslan er á manneldisvinnslu

- Vægi afurða sem ætlaðar eru til manneldis hefur farið vaxandi
- Áherslan er á manneldisvinnslu úr uppsjávarfiski
 - Verðmætari afurðir sem skila mun meiri verðmætum inn í þjóðarbúið en hefðbundnari afurðir líkt og mjöl og lýsi
- Bolfiskafli er að hluta sjófrystur, fer að hluta í frystihúsið á Seyðisfirði, að hluta á fiskmarkaði innanlands og að hluta á sögulega mikilvæga markaði í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Í því felst áhættudreifing

Tegund	% af tekjum 2020	Afurðir
Uppsjávarafurðir	~ 30%	• Helstu uppsjávarafurðir eru makrill og síld, afurðirnar eru heilfrystar, hausaðar og flakaðar • Loðna og loðnuhrogn voru ekki framleidd árin 2019 og 2020
Mjöl og lýsi	~ 35%	• Mjöl og lýsi sem félagið framleiðir fer að langstærstum hluta til fóðurframleiðslu fyrir fiskeldi erlendis
Bolfiskafurðir	~ 15%	• Bolfiskafurðir eru bæði landfrystar- og sjófrystar afurðir
Laxeldisfóður	~ 10%	• Dótturfélagið Laxá framleiðir fóður fyrir laxeldi á Íslandi
Seldur afli	~ 10%	• Ferskur afli seldur á markað erlendis og innanlands eða í vinnslur innanlands

Helstu markaðir og sala eftir gjaldmiðlum árið 2020


Helstu markaðir 2020

Sala afurða eftir heimsálfum



Síldarvinnslan er með samning við Ice Fresh Seafood um sölu á afurðum félagsins

Sala eftir gjaldmiðlum árið 2020



Sterk eftirspurn eftir íslenskum sjávarafurðum

- styður við verð til lengri tíma litið

Stækkandi kaupendamarkaður

- Matvælaframleiðsla fer vaxandi með fólksfjölgun í heiminum
- Með vaxandi kaupmætti fjölgar þeim sem sækjast eftir sjávarfangi af miklum gæðum
- Fiskur er holl fæða og prótein af miklum gæðum

Gæðaframleiðsla

- Fiskimiðin umhverfis Ísland eru gjöful og er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu fiskistofna
- Íslenskur sjávarútvegur hefur skapað sér sterkt nafn á sínum mörkuðum
- Íslenskar sjávarafurðir eru af miklum gæðum
- Áhersla á verðmætari afurðir og betri nýtingu
- Meðal viðskiptavina er sívaxandi áhersla á sjálfbærni afurða
- Í íslenskum sjávarútvegi hefur verið lögð áhersla á tækniþróun og öflugt markaðsstarf

Takmarkað magn

- Framleiðsluvöxturinn í heiminum er í fiskeldi fremur en veiðum úr villtum stofnum, sem styður við verð villtra afurða til lengri tíma litið


Harðnandi samkeppni

- Stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækin eru lítil í alþjóðlegu samhengi
- Í veiðum á N-Atlantshafi eru að verða til mun stærri fyrirtæki, sér í lagi rússnesk og norsk, sem geta veitt mikilvægum viðskiptavinum á borð við verslunarkeðjur víðtækari þjónustu

Hækkandi verð síðasta áratuginn

Áhersla á að framleiða verðmeiri afurðir skýrir hækkunina að hluta til, ásamt verðþróun á mörkuðum

Verðvísitala íslenskra sjávarafurða
Vísitala, XDR, 1.jan 2011 = 100



Heimild: Hagstofa Íslands


XDR er gengi á sérstöku dráttarréttindum (SDR) sem er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Gjaldmiðlakarfan samanstendur af fimm gjaldmiðlum: Bandaríkjadal, evru, kínversku júani, bresku pundi og japönsku jeni

Fjárhagsupplýsingar




Vaxandi framlegð af starfseminni undanfarin ár


Rekstrartekjur¹⁾ (USD m.)



EBITDA¹⁾ (USD m.)




EBITDA hlutfall¹⁾ (% af tekjum)



¹⁾ Uppgjör 2020 er skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS og þar með samanburðartölur fyrir 2019. Uppgjör fyrri ára eru aftur á móti skv. íslenskum ársreikningslögum.

Arðsemi félagsins yfir meðaltali sjávarútvegs í heild


EBITDA hlutfall Síldarvinnslunnar og sjávarútvegarins í heild¹⁾



Samstæðan er vel búin skipum, framleiðslutækjum og aðstöðu

Umtalsverðar fjárfestingar síðustu ár

Hrein fjárfesting¹⁾ (USD m.)



Fjárfestingar sem hafa styrkt starfsemina og aukið áhættudreifingu í aflaheimildum og rekstri

- Stærri og hagkvæmari skip auka gæði, nýtingu og verðmæti afurða auk þess að minnka kolefnisspor við veiðar
- Fullkomnari tæknibúnaður eykur framleiðslugetu, hagkvæmni og skilar verðmætari afurðum
- Fjárfestingar í sjávarútvegsfyrirtækjum og aflaheimildum hafa aukið bolfiskheimildir og eflt þann hluta starfsemi félagsins

¹⁾ Uppgjör 2020 er skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS og þar með samanburðartölur fyrir 2019.

Uppgjör fyrri ára eru aftur á móti skv. íslenskum ársreikningslögum.

Hrein fjárfesting er fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, skipum í smíðum, aflaheimildum, hlutabréfum og félögum, að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Sjá sundurliðun í viðauka

Samþykktar fjárfestingar 2021:


Nýr Börkur NK og fjárfesting í fiskiðjuverinu í Neskaupstað Selja á eldri Börk

Stjórn Síldarvinnslunnar hefur samþykkt nýfjárfestingar og viðhaldsfjárfestingar fyrir samtals um USD 39 m. á árinu 2021

- Stærstu fjárfestingarnar eru fullnaðargreiðsla fyrir nýja Bök NK og stækkun verksmiðu í Neskaupstað og fjárfesting í fiskiðjuveri í Neskaupstað
- Tekin hefur verið ákvörðun um að selja Bök NK sem nú er í rekstri eftir að félagið fær hið nýja skip afhent en ásett verð er um USD 20 m. en óvissa ríkir um endanlegt söluverð
- Einnig stendur til að selja húseignir við fiskimjölsverksmiðu félagsins í Helguvík sem lokað var árið 2019 sem bókfærðar eru á USD 1,6 m. í lok árs 2020 en tækjabúnaður þar hefur þegar verið seldur á yfir bókfærðu verði og verður söluhagnaður að fjárhæð USD 2,8 m. færður til tekna á rekstrarárinu 2021 í samræmi við reglur alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)
- Fyrirhuguð sala á eldra skipi og eignum félagsins í Helguvík eru ekki inni í fjárfestingaráætlun ársins 2021

Afskriftir eru viðmið um viðhaldsfjárfestingar

Afskriftir¹⁾ (USD m.)



Viðhaldsfjárfesting er áætluð út frá afskriftum

Fjárfestingar 2015-2020

- Að meðaltali hefur fjárfesting í rekstrarfjármunum numið um USD 10,6 m. en USD 8,1 m. að teknu tilliti til seldra rekstrarfjármuna
- Jafnframt er viðhaldskostnaður gjaldfærður og nam fjárhæðin um USD 10 m. á síðasta ári

Afskriftir 2015-2020

- Að meðaltali hafa afskriftir numið USD 9,7 m.


Viðmið um viðhaldsfjárfestingar tekur ekki til nýfjárfestinga, s.s. fjárfestinga í aukinni starfsemi eða breyttri vinnslu, né heldur fjárfestinga í ytri vexti

¹⁾ Uppgjör 2020 er skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS og þar með samanburðartölur fyrir 2019. Uppgjör fyrri ára eru aftur á móti skv. íslenskum ársreikningslögum.

Hreint veltufé í árslok 2020 um 23% af rekstrartekjum

- í takti við söguleg gildi

Hreindir veltufjármunir (USD m.)



USD m.	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Birgðir	20,1	28,2	40,5	36,4	30,4	26,2
+ Viðskiptakröfur og aðrar sk.t.kröfur	39,4	32,9	22,2	33,7	41,5	35,4
- Viðskiptaskuldir og aðrar sk.t.skuldir	-21,5	-11,4	-16,9	-17,1	-14,0	-18,9
= Nettó veltufjármunir	38,0	49,7	45,8	52,9	58,0	42,7
Hlutfall af rekstrartekjum	18%	27%	26%	26%	31%	23%

Meiri fjárbinding tengd vertíðabundinni starfsemi

- Þegar veiðar og vinnsla eiga sér stað á vertíðum en afurðir seldar yfir lengra tímabil
- Góðar frystigeymslur gera kleift að jafna út sölu yfir lengri tíma. Rýrnun birgða er ekki mikil
- 90 daga greiðslufrestur er á flestum viðskiptum. Lítið er um að viðskiptakröfur tapist, þrátt fyrir að greiðslutryggingar séu ekki í boði á mikilvægum mörkuðum, s.s. víða í A-Evrópu

Kröfur á tengd félög eru hluti af viðskiptakröfum og öðrum skammtímaskröfum
Skuldir við tengd félög eru hluti af viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum


Afkomuspá 2021

EBITDA er áætluð á bilinu USD 72-77 m. á árinu 2021

Aukning kemur einkum til vegna loðnuvertíðar (nemur um USD 19 m.)

EBITDA (USD m.)

USD 72-77 m.



Forsendur:

- Úthlutun á makrílkvóta hefur ekki farið fram fyrir árið 2021 en gert er ráð fyrir að úthlutaður kvóti Íslendinga verði 140 þúsund tonn og aflahlutdeild Síldarvinnslunnar er 12,6%
- Miðað er við að afurðaverð verði óbreytt á milli ára
- Gengi verði stöðugt: USD 127 kr. og NOK 15 kr.
- Stöðugleiki verði í orkukostnaði


Óvissupættir

- Ef þeir fiskistofnar sem áætlunin byggir á breyta göngumynstri sínu mv. sl. ár
- Hvort stöðugleiki ríki á mörkuðum og hvort komi til átaka í Austur-Evrópu
- Hvort áhrif Covid-19 fari minnkandi á helstu markaðssvæðum félagsins
- Hvort nýjar viðskiptahindranir bætist við á markaðssvæðum Síldarvinnslunnar

Forsendur eru fyrir góðum arðgreiðslum

- Svigrúm í lágri skuldsetningu og sterkri eiginfjárstöðu

Hreinar vaxtaberandi skuldir (NIBD) (USD m.)




NIBD aðlagð: Eftirfarandi liðum er bætt við áramótastöðu hreinna vaxtaberandi skulda:

- **Bergur ehf.:** Afhending og greiðsla kaupverðs fór fram 1. mars 2020 þegar samþykki Samkeppniseftirlitsins lá fyrir
- **Kaup á 12,4% í dótturfélagi:** Í upphafi apríl mánaðar 2021 var gengið frá kaupum á eftirstæðum 12,4% hlut í dótturfélaginu Runólfi Hallfreðssyni ehf. og er félagið í 100% eigu Síldarvinnslunnar að kaupunum loknum
- **Handbært fé í SVN eignafélagi:** Handbært fé samstæðunnar hefur lækkað um sem nemur handbæru fé SVN eignafélags.¹⁾

Vaxtaberandi lán samstæðu Síldarvinnslunnar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum: USD 46%, EUR 29%, NOK 12%, GBP 9% og JPY 4%. Vaxtaálag ofan á grunnvexti er að meðaltali 1,9%.

Eiginfjárlutfall eftir arðgreiðslu



- Eigið fé í lok árs 2020 var USD 386 m. og eiginfjárlutfall 68%
- Hlutfé félagsins í SVN eignafélagi, sem fer með eignarhlut í Sjóvá-Almennar tryggingar hf., hefur verið fært til hluthafa félagsins með arðgreiðslu¹⁾
- Eiginfjárlutfall reiknast 66% að teknu tilliti til arðgreiðslunnar
